

Gróðurfar á veglínu frá Langadal um Háreksstaði  
í Ármótasel.

Hörður Kristinsson

Unnið fyrir Vegagerðina á Reyðarfirði

NÍ-97002

Akureyri, maí 1997



## **EFNISYFIRLIT**

1 INNGANGUR	3
2 GRÓÐURLÝSING VEGLEIÐARINNAR	3
3 FJÖLBREYTNÍ TEGUNDA	6
4 SJALDGÆFAR TEGUNDIR	6
5 NIÐURSTÖÐUR	7
6 BREYTINGAR Á VEGLÍNU	7

## **SKRÁ YFIR TÖFLUR OG MYNDIR**

Tafla 1. Plöntuskrá fyrir veglínu.	9
Mynd 1. Gróðurskoðuð leið við Sveiga og Kollseyru.	12
Mynd 2. Gróðurskoðuð leið við Toddalæk.	13
Mynd 3. Gróðurskoðuð leið við Grunnavatn.	14

## 1 INNGANGUR

Vettvangsvinna við gróðurskoðun á fyrirhugaðri veglínu frá Langadal við Vopnafjarðarveg um Háreksstaðaheiði á Þjóðveg 1 við Ármótasel fór fram haustið 1995. Þessi veglína er alls um 32 km á lengd. Á þeim tíma hafði veglína ekki verið endanlega útfærð, en fyrirhuguð veglína þó merkt með tölusettem stikum (1-57) með ca. 500 m millibili. Á gróðurskoðaðri línu er vísað í þessar stikur þar sem veruleg frávik eru frá endanlegri veglínu. Frávikin eru þá sýnd með blárri strikálínu á 1.-3. Mynd. Annars staðar er í texta vísað til staðsetningar á hinni nýju veglínu (skáletraðar tölur) sem mæld er í metrum frá Langadal samkvæmt korti Vegagerðarinnar. Hefst hún með stöð 1.500 þar sem línan fer út af Vopnafjarðarvegi og endar við stöð 33.600 neðan við Víðidalsá við Ármótasel. Nánar er fjallað um þessi frávik í kafla 6. Tölur í svigum vísa til dálka í plöntulista í töflu 1. Í þeim má finna ítarlega plöntuskrá fyrir viðkomandi svæði.

## 2 GRÓÐURLÝSING VEGLEIÐARINNAR.

Stöðvar 1.500-7.500. Fyrsti hluti fyrirhugaðrar veglínu liggur af Vopnafjarðarvegi niður að og yfir Langadalsá, og síðan eftir eyrum meðfram Langadalsá að sunnan. Leiðin frá stöðvum 1.500-7.000 fer eftir lítið grónum og sums staðar rennisléttum melum meðfram ánni. Enginn plöntulisti var gerður á þessum hluta veglínunnar, enda mjög fábreyttur gróður. Þegar kemur austur fyrir stöð 7.000 verður heldur meira gróið í svonefndum Sveigum.

Stöðvar 8.000-11.000 (stikur 10-17). Austur frá stöð 8.000 er töluvert votlendissvæði með tjörnum. Í þessu votlendi er m.a. mýrastör, hrafnastör, hengistör, hálmgresi og brok (1). Þegar votlendinu sleppir, liggur gróðurskoðuð lína meðfram vatni og í sveig til suðausturs yfir mishæðótt, grýtt og hrjóstrugt land, sem hefur aðeins strjálán berangursgróður. Þegar nálgast stiku 13 (1. mynd) sveigir línan til norðausturs og niður í dalinn meðfram Kollseyru. Við þessa sveigju fara að byrja grónar torfur með rofgeilum á milli. Á gróðurtorfunum eru víðiflesjur. Frá stiku 13 stefnir veglínann inn á mjóa, algróna tungu sem verður á milli Kollseyru og Langadalsár. Tungan er nær 2 km á lengd en einungis 2-300 m á breidd. Þetta eru sléttar, algrónar lyngflatir á milli ánnar. Þar skiptast á lyngflatir með sauðamerg, krækilyngi, bláberjalyngi og víði við þurrari sefmóa með þursaskeggi, móastör, krækilyngi og víði (2). Einnig eru þarna blettir með stinnastarmóum. Meðfram Kollseyru er sums staðar hvítstör.

Stöðvar 11.000-12.800. Eftir að veglínann kemur yfir Kollseyru við stöð 11.000, liggur hún austur fyrir endann á Gestreiðarstaðaöxlum og til suðurs upp með Gestreiðarstaðakvísl. Á þessu svæði er landið mikið til gróið. Við Axlarendann er í fyrstu einkum lyngkenndur gróður með krækilyngi, sauðamerg, fjalldrapa og víði (3), en sunnar verður landið þurrara, og eru þar sendnar víðiflesjur með smárofum, en þó um 90% gróið.

Stöðvar 12.800-14.000. Þegar nær dregur mótum Gestreiðarstaðakvíslar og Háreks-

staðakvíslar er landið meira rofið, og sendnar víðiflesjur ríkjandi með fremur einhæfum gróðri. Í gilbrekkum og á áreyrum þar sem veglínan sveigir yfir Gestreiðarstaðakvísl, er fjölbreyttari gróður (4).

Stöðvar 14.500-16.500. Þegar kemur yfir Háreksstaðakvísl er landið í fyrstu nokkuð blásið, og eru þar bæði berir melar og rofabörð, en gróið á milli. Milli stöðva 14.500 og 15.000 eru sums staðar rakar dældir á milli melanna sumar með votlendisgróðri eða uppbornuðum tjörnum (5). Í þeim vex vatnsliðagras og liðaskriðsóley. Þegar sunnar kemur er landið þurrara, mikið sléttlendi með algrónum víðiflesjum, en berir melkollar á milli, oft ofurlítið grýttir. Á víðiflesjunum er grávíðir ríkjandi með nokkru af fjalldrapa, loðvíði og krækilyngi. Þar sem hærra er koma flagkenndir móar inn í, þar sem mikið er af dvergstör, móastör og þursaskeggi. Í flagsárum móanna er oft móanóra. Í bollum utan í melkollunum er oft mikið um blágresi.

Stöðvar 17.000-18.800. Áfram suður tekur landið ekki miklum breytingum (6). Svæðið milli 17.300-17.800 er mólendi með lágvöxnum fjalldrapa, krækilyngi og bláberjalyngi íblandað með víði, en milli 17.800 og 18.300 eru algrónar víðiflesjur með grávíði, loðvíði og fjalldrapa ríkjandi og frá 18.300-18.800 er sami gróður áfram, en meira rofinn. Þótt landið sé þarna fullgróið, er ljóst að það er mjög viðkvæmt fyrir uppblæstri. Þannig hefur legið við rofi sums staðar út frá gömlu reiðgötunum heim að Háreksstöðum.

Stöðvar 18.800-21.800. Á þessu svæði frá 18.800-20.000 er landið enn meira rofið. Gróðurinn er einkum víðiflesjur og melar, og eru sandorpin svæði með strjálum túnvingli inn á milli. Frá stöð 20.400-21.800 er landið með miklu samfelldari gróðri, mest eru það fremur sléttir eða smápýfðir krækilyngsmóar með bláberjalyngi, grávíði og lítið eitt af fjalldrapa. Á milli eru flagmóar með móastör, dvergstör, móanóra, geldingahnappi og lambagrasi. Þessir móar eru mjög samfelldir frá 20.400-21.300, en í lækjagiljum eru bollar og brekkur með öðrum gróðri (7). Í þeim eru fjallasmári, grámulla, blágresi, brennisóley, mýfjóra, fjallafoxgras og dýragrs. Þegar nálgast 21.800 er heldur rakara á parti, þar eru stinnastararflatir og að lokum víðiflesja.

Stöðvar 21.800-23.800. Suður frá 21.800 fer fljótlega að verða meira rof í víðiflesjuna, og á svæði 22.300-22.800 eru hreinir melar með hólum. Þar er eingöngu strjáll mela- og sandgróður, melablóm, geldingahnappur, túnvingull, melanóra, blásveifgras, lambagrass, holurt og ljósberi (8). Smáblettir með hengistör og stinnastör eru meðfram Bakdalslæk sem rennur við stöð 23.100, en síðan tekur aftur við ógróið svæði með melum, rofi og ógrónum uppbornuðum farvegum.

Stöðvar 23.800-27.300 (stikur 42-49). Við stöð 23.800 verður landið aftur algróið, víðiflesja með krækilyngi og fjalldrapa. Þar rétt fyrir austan fer gróðurskoðuð veglína yfir Toddalæk í djúpu gili, sem sums staðar er með háum, þverhnýptum sandbökkum. Á milli koma fyrir fallegir, stórir blágresisbollar með dýragrasi, grámulla, fjallasmára, mosalyngi, fjalladúnurt, ilmreyr og rjúpastör meðfram læknum (9). Handan við Toddalæk taka svipaðar lyngflatir við áfram eins og vestan hans. Þegar kemur fram fyrir stiku 43 breytist gróðurinn og verða þar sendnar víðiflesjur þegar nálgast sandhóla nokkra. Þar er mela- og sandgróður með skeggsanda, holurt og melablómi á nokkrum kafla. Við stiku 45 fer veglínan yfir Háreksstaðakvísl. Við kvíslina er töluvert meiri fjölbreytni í gróðri eins og oft er við vatnsfarvegi (9). Votlendisblettir eru við

árfarveginn með klóffu, hrafnafðu, þráðnykru og lónasóley. Einnig kemur rauðstör fyrir við árfarveginn, og litlar skarvakálsplöntur eru á eyrunum. Handan við ána taka við lyng- og víðiflesjur og er þar algróið á töluverðu svæði. Á nokkru svæði í grennd við stiku 47 er heldur votara, og eru þar stinnastararflatir. Milli 47-48 kemur hólsvæði með melagróðri. Á milli hólanna er votara. Þar er stinnastararmýri með vallarsveifgrasi, fjallafoxgrasi og víði, og smáblettir með hengistör (10). Rétt innan við hólinn við stiku 49 (stöð 27.400) fer veglínan yfir bugðu á Lönguhlíðarkvísl.

Stöðvar 27.700-28.800. Við stöð 27.700 hefst aftur samfelld gróðurlendi. Þar eru fyrst stinnastararmóar með grávíði. Litlu sunnar fer vegurinn aftur yfir Lönguhlíðarkvísl. Þegar yfir hana kemur hefst 4-500 m breytt votlendi. Þetta er að hluta til mjög blaut mýri með mýrastör og broki, einnig hengistararflói með smátjarnapollum með járn-menguðu vatni og mýrarauða (12). Tjarnastör er við sumar tjarnirnar. Í mýrinni er sums staðar gullbrá og tröllastakkur á þúfum. Við stöð 28.500 dregur úr bleytunni og verður þar fyrir stinnastýrarmýri sem síðan gengur yfir í smápýfða lyngmóa með krækilyngi, sauðamerg, bláberjalyngi og fjalldrapa. Eftir 28.700 eru komnir melar.

Stöðvar 28.800-30.700. Þetta svæði er að mestu leyti algróið. Skiptast þar á lyngflatir, lyngmóar með víði, stinnastararflatir með fjallapunti, og stinnastararmóar (13). Þótt heita megi að veglínan sé þarna að mestu leyti á þurrlendi, sýnir gróðurinn að landið er þarna rakara en víðast norður á Háreksstaðaheiði. Á nokkru svæði frá 29.600-30.000 fer veglínan yfir votlendisvík. Þetta er mjög blautt land þar sem skiptast á tjarnarstarar, hengistarar- og brokflóar. Í mýrinni vottar fyrir rústum með sífrera, og í flagmóum meðfram henni eru einnig frerasprungur. Fenjamosar eru í flóanum. Við stöðvar 30.000-30.800 fylgir veglínan lágum ásum meðfram Grunnavatni með mjóu mýrasundi. Á ásunum eru rakir flagmóar með móastör, dvergstör, krækilyngi og rjúpnalaufi.

Stöðvar 30.700-31.800. Þegar kemur suður fyrir Grunnavatn fer landinu að halla í suður og austur þar sem veglínan tengist núverandi hringvegi. Á þessu svæði er aðallega mólendi en einnig hallamýri með mýrastör, hrafnastör, sérbylisstör, fífu, hálmgresi og víði. Tröllastakkur er hér og hvar á þessu svæði og gullbrá (14).

Auk þeirrar veglínu sem sveigir út á flóann austan Lönguhlíðarkvíslar í átt að Grunnavatni við stöð 27.700, var einnig skoðaður annar valkostur miðað við að veglína fylgdi brekkurótum þaðan beint í suður meðfram Lönguhlíðarkvísl allt suður undir núverandi hringveg, en tæki þá sveigju til austurs út á flóann. Á þessari leið er þurrlendi, jarðvegur víða rofinn af vatnsrásum ofan úr hlíðinni, með fábreytilegum þurrlendisgróðri (11). Að lokum sveigir sú veglína yfir horn af flóanum áður en hún sameinast núverandi vegi. Þessi veglína hefur þann kost, að hún hlífir flóunum, bæði milli stöðva 28.100 og 28.500, og einnig flóum og ásum við Grunnavatn (29.500-30.000). Hún er hins vegar lengri og hugsanlega eitthvað snjóþyngri.

Stöðvar 32.000-33.600. Að lokum var skoðuð fyrirhuguð veglína fyrir ofan Ármótasel sem sveigir suður fyrir ofan eyðibýlið og síðan til austurs yfir Víðidalsá. Á þessari leið er mela- og lynggróður á hæðum, en á milli eru farvegir og gil með snjóðældagróðri. Austan við Víðidalsá eru sléttar lyngflatir og lyngmóar með fjalldrapa og víði. Gróður er allfjölbreyttur á þessu svæði (15) miðað við heiðina, einkum vegna landslagsins sem er nokkuð mishæðótt.

### 3 FJÖLBREYTNÍ TEGUNDA.

Heildarfjöldi tegunda sem skráður var á og við veglínu frá Langadal niður fyrir Ármótasel var um 130. Tegundafjöldi einstakra svæða ræðst mest af fjölbreytni í landslagi. Þar sem votlendi og þurrlendi fer saman, verður tegundafjöldinn meiri en annars staðar. Einnig hefur það mikil áhrif ef djúpar dældir eða gil eru í landslaginu, og ár og lækjarbakkar skapa einnig fjölbreytni. Fjögur svæði skera sig helst úr um tegundafjölda en það eru

1. Ármót Kollseyru og Langadalsár og tungan milli ána,
2. Þar sem veglínan sker Gestreiðarstaðakvísl
3. Djúpt gil við Toddalæk, sem rennur í Gestreiðarstaðakvísl ofan við Lindasel.
4. Árgil og bollar við Ármótasel.

Tvö þessara svæða eru ekki lengur á fyrirhugaðri veglínu, þar sem hún var færð til eftir að gróðurskoðun fór fram. Á þessum fjórum svæðum eru skráðar um og yfir 70 tegundir á hverju svæði, og ráða þar mestu brekkur og bollar í landslaginu, svo og vatnsfarvegirnir. Þar sem votlendi kemur inn ásamt þurrlendi eru oft um 60 tegundir, en þar sem eingöngu eru þurrar víði- og lyngflesjur eru oftast um 40-50 tegundir skráðar.

Algengustu tegundir á svæðinu eru geldingahnappur, músareyra, lambagras, fjallavíðir, loðvíðir, grasvíðir, krækilyng og brjóstagrass úr hópi tvíkímblöðunga; af graskenndum tegundum er mest af túnvingli, blávingli, fjallasveifgrasi, móasefi, þursaskeggi, axhæru og stinnastör, og að lokum eru elftingarnar klóelfting og beitieski mjög útbreiddar. Þessar 18 tegundir eru nokkuð jafndreifðar um allt svæðið, enda algengar um allt land.

### 4 SJALDGÆFAR TEGUNDIR.

Langsamlega mestur hluti þeirra 130 plantna, sem fundust við veglínuna eru algengar um allt land. Allmargar eru sjaldgæfar innan þessa svæðis vegna hæðar yfir sjávarmál, þótt þær séu það ekki á landsvísu. Þetta gildir um tegundir eins og friggjargras, hnúskakrækil, þráðnykru, reyrgresi, augnfró og mýradúnurt. Þetta eru láglandistegundir, sem eru á mörkum þess að þrífast á heiðinni. Ein tegund, fjallhæra, er háfjalla-tegund sem lítið fer niður á flatlendi heiðarinnar.

Aðeins 8 tegundir á svæðinu hafa takmarkaða útbreiðslu á Íslandi, og engin þeirra er verulega sjaldgæf. Af þeim tegundum, sem ekki eru algengar um allt land eru þessar helztar: **Dvergstör, móastör, móanára og toppastör** eru tegundir sem eru útbreiddar þar sem loftslag er landrænt á Íslandi. Þær mega heita algengar á Jökuldalsheiðinni, einkum tvær þær fyrstefndu. Svipað má segja um **maríuvendling**, sem fannst á einum stað á rannsóknasvæðinu, hann er fremur útbreiddur inn til landsins á Norðausturlandi. **Skarfakál** fannst á einum stað við Háreksstaðakvísl. Það hefur nokkra sérstöðu, þar sem það er aðeins algengt í sjávarklettum kring um landið, en hittist á einstöku stað langt inni í landi, og jafnvel hátt til fjalla. Ekki er alveg ljóst hvort hér er um sérstakt afbrigði að ræða, eða hvort fuglar beri fræin inn í land frá ströndinni. Það kemur ekki alveg á óvart að finna það hér, þar sem það hefur fundizt meðfram árfar-

vegum á fjallendinu austur af Hólsfjöllum og við Möðrudalsfjallgarð. **Hvítstör** fannst á einum stað á svæðinu, við Kollseyru á tanganum sem myndast milli hennar og Langadalsár. Hvítstör vex á víð og dreif um hálendið norðaustanvert, og getur tæplega kallast sjaldgæf, þótt hún sé alls staðar mjög strjál. **Rauðstör** fannst á einum stað, við væntanlegt brúarstæði á Háreksstaðakvísl samkvæmt skoðaðri veglínu, á sama stað og skarfakálið. Á þessum stað hefur veglínan nú verið færð. Rauðstörin er allútbreidd á stórum hluta hálendisins, og alls ekki sjaldgæf, en lítið áberandi og leynist því víða.

## 5 NIÐURSTÖÐUR.

Mestur hluti af því svæði sem veglínan liggur um, eru algróið þurrlendi þar sem skiptast á víðlendar lyngflatir eða víðiflesjur, og hins vegar melar eða áreyrar sem eru lítið grónar. Aðaltegundir í víðiflesjunum eru loðvíðir, fjallavíðir (grávíðir), fjalldrapi, en í lyngmóunum er ríkjandi krækiberjalyng, bláberjalyng, fjalldrapi, sauðamergur og stundum holtasóley. Sums staðar er þessi gróður blásinn eða landið við það að blása og mjög viðkvæmt. Á fáeinum stöðum eru smáhólar með gróðurbollum með dældagróðri (blágresi, grámullu, fjallasmára) á milli. Þessi dældagróður er einnig sums staðar þar sem veglínan liggur yfir gil eða ár.

Á þrem stöðum liggur veglínan yfir votlendi (flóa). Fyrst er það í Sveigum við Langa-dalsá (stöðvar 7.500-8.300), síðan meðfram Lönguhlíðarkvísl að austanverðu, 2-3 km suður af Skjaldklofa (stöðvar 28.100-28.500) og að lokum á nokkru svæði vestur af Grunnavatni við stöðvar 29.600-30.000). Í þessum flóum er oftast mýrastör, brok og hengistör, stöku sinnum einnig tjarnastör. Í deiglendi er oftast stinnastör ríkjandi með fjallavíði innan um.

Hvergi á svæðinu fundust verulega sjaldgæfar tegundir á landsvísu, né sérstæður gróður sem ekki á sér samsvörun annars staðar á heiðinni. Þó er rétt að vekja athygli á einkum tveim svæðum sem að mínu mati hafa hærra verndargildi en önnur á gróður-skoðaðri veglínu. Í fyrsta lagi er það 2 km löng en aðeins 2-300 m breið tunga milli Kollseyru og Langadalsár, sem báðar liðast í bugðum sitt hvorum megin. Þar er bæði nokkuð fjölbreyttur gróður, og landslag sem mundi spillast ef vegur væri lagður eftir endilangri tungunni. Í öðru lagi eru það votlendissvæðin vestan og norðvestan við Grunnavatn. Sá votlendisgróður sem þar er, ásamt vissum freðmýrareinkennum sem setja svip á landið, er þó langt frá því að vera einsdæmi á Jökuldalsheiðinni. Víða eru, einkum sunnan til á Jökuldalsheiðinni, sambærileg votlendissvæði og sums staðar freðmýrar með stórvöxnum rústum sem hafa mun meira verndargildi en þær sem hér er fjallað um.

## 6 BREYTINGAR Á FYRIRHUGAÐRI Veglínu.

Síðan þær athuganir voru gerðar, sem hér er fjallað um að framan, hefur af hálfu Vegagerðarinnar verið unnið að endanlegri tillögu að vegstæði. Í nokkrum tilfellum er þar um breytingar að ræða frá þeirri veglínu sem gróðurrannsóknirnar ná til. Verða

Þessar breytingar raktar hér á eftir.

Veglínan greinist fyrr frá Vopnafjarðarvegi og brúin yfir Langadalsá verður vestar (1.500-4.000). Þar er gróður mjög ósamfelldur, mest melagróður. Því tel ég að sú breyting skipti í raun engu að því er gróður varðar. Síðan fylgir veglínán því svæði sem skoðað var norðan Langadalsár allt niður fyrir Sveiga. Þar hefur veglínán verið sveigð til norðurs yfir á melana norðan Langadalsár og liggur í stórum sveig og að lokum yfir Kollseyru norðan við Gestreiðarstaðaöxl (9.000-11.500). Þannig er veglínán færð af hinni grónu tungu milli Langadalsár og Kollseyru, sem áður var nefnd (1. mynd). Þessa breytingu tel ég tvímælalaust vera til bóta.

Frá Gestreiðarstaðaöxl er veglínán nánast óbreytt upp með og yfir Gestreiðarstaðakvísl, og síðan meðfram Háreksstaðakvísl fram hjá Háreksstöðum og Lindarseli allt að Toddalæk. Þar verður breyting, og sveigir veglínán suður meðfram læknum í stað þess að fara yfir hið djúpa gil sem hann rennur eftir (24.000-27.500). Greina má tvo kosti við þessa breytingu, annars vegar að hlífa gilinu við Toddalæk, og hins vegar er ekki farið yfir Háreksstaðakvíslina á þeim stað sem áður var lýst og hefur nokkuð fjölbreyttan gróður. Að öðru leyti er ekki hægt að gera samanburð á þessum leiðum, þar sem nýja veglínán hefur ekki verið skoðuð með tilliti til gróðurs. Liggur leiðin nú allt að 500 m vestar á 3,5 km löngum kafla (2. mynd). Ekkert er þó sem bendir til annars miðað við loftmyndir, en að þessi breyting sé til bóta.

Frá Lönguhlíðarkvísl er veglínán nánast óbreytt yfir votlendið í áttina að Grunnavatni, en liggur síðan aðeins sunnar og vestar á nokkrum kafla (28.500-31.000). Við þetta færast vegurinn örlítið fjær vatninu en lengra út í flóann. Ekki verður séð að þetta breyti nokkru að ráði varðandi gróður, nema að því leyti sem vegurinn fer nú meira út í flóann vestan Grunnavatns, en það hlýtur að teljast fremur neikvætt (3. mynd). Að öðru leyti er erfitt að bera þessa kosti saman nema með skoðun á vettvangi. Frá sjónarmiði náttúruverndar væri besti kosturinn að færa veginn upp að brekkurótunum meðfram Lönguhlíðarkvísl eins og áður var minnst á, því að þannig væri votlendinu hlíft við raski, en slíkt þýðir lengingú vegar um allt að kílómetra.




**Tafla 1. Plöntuskrá fyrir veglínu**

Latneskt heiti	Íslenskt heiti	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
<i>Achillea millefolium</i>	Vallhumall	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x		x		x
<i>Agrostis stolonifera</i>	Skriðlíngresi	x	x		x			x	x		x	x				
<i>Agrostis vinealis</i>	Týtulíngresi		x					x		x						x
<i>Alchemilla alpina</i>	Ljónslappi		x													
<i>Alchemilla vulgaris</i>	Mariústakkur	x	x		x			x	x		x				x	x
<i>Alopecurus aequalis</i>	Vatnsliðagras						x									
<i>Anthoxanthum odoratum</i>	Ilmreyr		x					x	x		x					
<i>Arabis alpina</i>	Skriðnablóm					x					x					x
<i>Arenaria norvegica</i>	Skeggsandi					x		x	x		x				x	x
<i>Armeria maritima</i>	Geldingahnappur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Bartsia alpina</i>	Smjörgras	x	x	x	x	x	x	x		x	x		x	x	x	x
<i>Betula nana</i>	Fjalldrapi		x	x	x	x	x	x		x	x		x	x	x	x
<i>Bistorta vivipara</i>	Kornsúra	x	x	x	x	x		x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Botrychium lunaria</i>	Tungljurt			x		x	x	x			x					
<i>Calamagrostis stricta</i>	Hálmgresi	x	x		x	x		x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Cardamine nymanii</i>	Hrafnaklukka					x	x							x	x	x
<i>Cardaminopsis petraea</i>	Melablóm					x		x		x	x		x			x
<i>Carex bicolor</i>	Hvítstör		x													
<i>Carex bigelowii</i>	Stinnastör	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Carex capillaris</i>	Hárleggjastör															x
<i>Carex capitata</i>	Hnappstör		x	x										x	x	x
<i>Carex dioeca</i>	Sérbýlisstör															x
<i>Carex glacialis</i>	Dvergstör		x	x	x	x	x	x						x		x
<i>Carex krausei</i>	Toppastör	x				x					x					
<i>Carex lachenalii</i>	Rjúpastör	x			x	x	x	x		x					x	x
<i>Carex nigra</i>	Mýrastör	x	x		x			x						x	x	x
<i>Carex norvegica</i>	Fjallastör															x
<i>Carex rariflora</i>	Hengistör	x	x									x		x	x	x
<i>Carex rostrata</i>	Tjarnarstör															x
<i>Carex rufina</i>	Rauðstör										x					
<i>Carex rupestris</i>	Móastör		x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Carex saxatilis</i>	Hrafnastör	x												x	x	x
<i>Cassiope hypnoides</i>	Mosalýng					x		x	x		x			x	x	x
<i>Cerastium alpinum</i>	Músareyra	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x
<i>Cerastium cerastoides</i>	Lækjafraehyrna	x	x								x		x			
<i>Cerastium fontanum</i>	Vegarfi					x									x	
<i>Cochlearia officinalis</i>	Skarfakál										x					
<i>Deschampsia alpina</i>	Fjallapuntur	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x
<i>Deschampsia caespitosa</i>	Snarrótarpuntur		x								x					x
<i>Deschampsia flexuosa</i>	Bugðupuntur		x	x	x	x	x	x		x	x				x	x
<i>Draba incana</i>	Grávorbólóm		x					x			x					


Latneskt heiti	Íslenskt heiti	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
<i>Draba norvegica</i>	Hagavorblóm				x							x				
<i>Dryas octopetala</i>	Holtasóley	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x		
<i>Empetrum nigrum</i>	Krækilyng	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Epilobium alsinifolium</i>	Lindadúnurt	x														
<i>Epilobium anagallidifolium</i>	Fjalladúnurt		x		x					x						x
<i>Epilobium hornemanni</i>	Heiðadúnurt	x						x							x	x
<i>Epilobium lactiflorum</i>	Ljósadúnurt								x							
<i>Epilobium latifolium</i>	Eyrarrós				x			x								
<i>Epilobium palustre</i>	Mýradúnurt													x		
<i>Equisetum arvense</i>	Klólfting	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Equisetum palustre</i>	Mýrelfting	x														x
<i>Equisetum pratense</i>	Vallelfting															x
<i>Equisetum variegatum</i>	Beitieski	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Erigeron borealis</i>	Jakobsfífill	x	x		x	x	x	x		x	x			x	x	x
<i>Erigeron uniflorum</i>	Fjallakobbi											x				
<i>Eriophorum angustifolium</i>	Klófffa	x	x							x			x		x	x
<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	Hrafnafífa									x					x	
<i>Euphrasia frigida</i>	Augnfró				x											
<i>Festuca richardsonii</i>	Túnvingull	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Festuca vivipara</i>	Blávingull	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Galium normanii</i>	Hvítmaðra			x	x	x	x	x	x	x	x	x				
<i>Galium verum</i>	Gulmaðra		x			x	x									
<i>Gentiana nivalis</i>	Dýragras		x		x		x	x		x	x			x		x
<i>Gentianella tenella</i>	Maríuvendlingur		x													
<i>Geranium sylvaticum</i>	Blágresi		x	x	x	x		x		x	x			x		
<i>Hierochloe odorata</i>	Reyrgresi		x			x										
<i>Juncus arcticus</i>	Hrossanál	x	x		x	x	x	x		x		x	x		x	x
<i>Juncus biglumis</i>	Flagasef	x				x									x	x
<i>Juncus trifidus</i>	Móasef	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Juncus triglumis</i>	Blómsef	x														
<i>Kobresia myosuroides</i>	Pursaskegg	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Koenigia islandica</i>	Naflagras									x						
<i>Loiseleuria procumbens</i>	Sauðamergur		x	x	x	x	x	x			x		x	x	x	x
<i>Luzula arcuata</i>	Fjallhæra														x	
<i>Luzula multiflora</i>	Vallhæra	x	x		x					x				x		
<i>Luzula spicata</i>	Axhæra	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Luzula sudetica</i>	Dökkhæra													x		
<i>Lychnis alpina</i>	Ljósberi		x		x	x	x		x	x	x	x				
<i>Minuartia biflora</i>	Fjallanóra		x				x				x			x		
<i>Minuartia rubella</i>	Melanóra	x			x	x	x		x	x		x				x
<i>Minuartia stricta</i>	Móanóra	x	x	x	x	x	x	x			x		x	x	x	
<i>Omalotheca supina</i>	Grámulla	x	x		x	x	x	x		x		x		x	x	x
<i>Oxyria digyna</i>	Ólafssúra															x

Latneskt heiti	Íslenskt heiti	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
<i>Parnassia palustris</i>	Mýrasóley	x	x		x			x		x	x					
<i>Pedicularis flammea</i>	Tröllastakkur	x											x	x	x	
<i>Phleum alpinum</i>	Fjallafoxgras	x	x		x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Pinguicula vulgaris</i>	Lyfjagras	x	x		x					x			x	x	x	
<i>Platanthera hyperborea</i>	Friggjargras		x													
<i>Poa alpina</i>	Fjallasveifgras	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x
<i>Poa glauca</i>	Blásveifgras	x	x	x	x	x	x		x	x		x		x	x	x
<i>Poa pratensis</i>	Vallarsveifgras		x				x	x		x	x	x	x	x	x	
<i>Potamogeton filiformis</i>	Práðnykra									x						
<i>Potentilla palustris</i>	Engjarós												x			x
<i>Pyrola minor</i>	Klukkublóm	x	x													
<i>Ranunculus acris</i>	Brennisóley		x	x	x	x	x	x		x				x		x
<i>Ranunculus reptans</i>	Liðaskriðsóley					x										
<i>Ranunculus trichophyllus</i>	Lónasóley									x						
<i>Rumex acetosa</i>	Túnsúra		x	x		x	x	x	x	x	x	x			x	x
<i>Sagina nivalis</i>	Snækrækil	x								x	x				x	
<i>Sagina nodosa</i>	Hnúskakrækil						x									
<i>Sagina procumbens</i>	Skammkrækil									x						
<i>Sagina saginoides</i>	Langkrækil	x			x		x	x								x
<i>Salix arctica</i>	Fjallavíðir	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Salix herbacea</i>	Grasvíðir	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Salix lanata</i>	Loðvíðir	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Salix phylicifolia</i>	Gulvíðir			x											x	x
<i>Saxifraga caespitosa</i>	Þúfusteinbrjótur	x				x	x								x	x
<i>Saxifraga hirculus</i>	Gullbrá	x											x		x	
<i>Saxifraga nivalis</i>	Snæsteinbrjótur															x
<i>Saxifraga oppositifolia</i>	Vetrarsteinbrjótur			x	x	x	x		x							x
<i>Saxifraga stellaris</i>	Stjörnusteинbrjótur	x														x
<i>Sedum villosum</i>	Flagahnoðri	x		/		x	x			x						
<i>Selaginella selaginoides</i>	Mosajafni		x	x	x	x		x							x	x
<i>Sibbaldia procumbens</i>	Fjallasmári	x	x		x		x	x		x				x	x	x
<i>Silene acaulis</i>	Lambagras	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Silene maritima</i>	Holurt	x			x	x	x		x	x		x				
<i>Taraxacum</i>	Túnffill	x	x	x	x		x	x		x	x			x		x
<i>Thalictrum alpinum</i>	Brjóstagras	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x
<i>Thymus praecox</i>	Blóðberg	x		x	x	x	x		x			x		x		x
<i>Tofieldia pusilla</i>	Sýkigras	x	x	x	x	x	x	x		x	x		x	x	x	x
<i>Trisetum spicatum</i>	Lógresi	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x		x
<i>Vaccinium myrtillus</i>	Aðalbláberjalyng															x
<i>Vaccinium uliginosum</i>	Bláberjalyng	x	x	x	x	x	x	x		x	x		x	x	x	x
<i>Veronica alpina</i>	Fjalladepla	x	x			x	x	x		x					x	x
<i>Veronica fruticans</i>	Steindepla									x						x
<i>Viola palustris</i>	Mýrfjóra	—	x		x			x		x						x

Mynd 1. Gróðurskoðuð leið við Sveiga og Kollseyru.



Mynd 2. Gróðurskoðuð leið við Toddalæk.



Vegur 901, Lína 706 (90104A)  
 Gróðurskoðuð leið  
 Stíka (númer 13)

VEGAGERÐIN		Hringvegur um Toddalæk	901-04								
<table border="1"> <tr> <td>HEIÐ</td> <td>GRÖÐUR</td> <td>GRUNNMYND</td> <td>BLAÐ</td> </tr> <tr> <td> </td> <td> </td> <td> </td> <td> </td> </tr> </table>		HEIÐ	GRÖÐUR	GRUNNMYND	BLAÐ					Grunnmynd vegna gróðurskoðunar	Blöð 2/3
HEIÐ	GRÖÐUR	GRUNNMYND	BLAÐ								

Mynd 3. Gróðurskoðuð leið við Grunnvatn.

